

Ed.

651. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan sammingsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í samhandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzini, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum.

3. gr.

Nú hefir skipstjóri greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir endurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.